HS Orka leitar að forstjóra og fjármálastjóra til að leiða fyrirtækið inn í nýja og spennandi tíma

HS Orka er stærsta orkufyrirtæki landsins í einkaeigu og hefur verið leiðandi á sviði endurnýjanlegrar orku í 40 ár. Hjá fyrirtækinu starfar öflugur hópur sérfræðinga með einstaka reynslu á sínu sviði. HS Orka á og rekur tvær jarðvarmavirkjanir á Reykjanesi auk þess sem framundan er tímabil uppbyggingar.

Framsýni og metnaður hafa ætíð verið kjarni í starfsemi fyrirtækisins og hafa lagt grunninn að verkefnum eins og Auðlindagarðinum sem byggir á því að nýta alla afleidda auðlindastrauma af starfsemi HS Orku.

Í Auðlindagarðinum hafa hin ýmsu nýsköpunarfyrirtæki vaxið úr grasi og eru einkennisorð hans „Samfélag án sóunar“.

Forstjóri

Við leitum að forstjóra til að leiða félagið í áframhaldandi eflingu á grunnrekstri, uppbyggingu á framleiðslu og þróun á nýjum tækifærum, með því öfluga teymi sem starfar hjá fyrirtækinu í dag.

Forstjóri stýrir daglegum rekstri, mótar stefnu í samráði við stjórn og ber ábyrgð á að fyrirtækið nái settum markmiðum. Forstjóri ber ábyrgð á upplýsingagjöf til stjórnar og starfsfólks og er í forsvari fyrir fyrirtækið út á við.

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Leiðtogahæfileikar
- Yfirgripsmikil reynsla af rekstri fyrirtækja
- Stefnumótandi og árangursmiðuð hugsun
- Gott auga fyrir frekari þróun og viðskiptatækifærum
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð enskukunnátta í töluðu og rituðu mál

Fjármálastjóri

Við leitum að fjármálastjóra með viðskiptavit, greiningarhæfni og gagnrýna hugsun, sem mun vinna náið með forstjóra og öðrum stjórnendum við að ryðja fyrirtækinu nýjar brautir.

Fjármálastjóri ber ábyrgð á daglegri fjárstýringu, áætlanagerð og uppgjörum. Hann sér um fjármögnun og samskipti við innlendar og erlendar fjármálastofnanir ásamt skýrslugjöf og miðlun stjórnendaupplýsinga. Á ábyrgðarsviði fjármálastjóra eru einnig upplýsingatæknimál.

Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Yfirgripsmikil reynsla af fjármálum fyrirtækja
- Greiningarhæfni og framsýni
- Marktæk stjórnunarreynsla
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð enskukunnátta í töluðu og rituðu máli

Sótt er um starfið hjá Hagvangi - www.hagvangur.is


Nánari upplýsingar veitir - Sverrir Briem, sverrir@hagvangur.is

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störfín.

Umsóknarfrestur er til og með 11. september 2019.



HS ORKA



Útibússtjóri Verkís á Vesturlandi

Við leitum að reyndum verkfræðingi eða tæknifræðingi í stöðu útibússtjóra starfsstöðva Verkís á Vesturlandi með aðsetur í Borgarnesi eða á Akranesi.

Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf fyrir metnaðarfullan einstakling.

Hlutverk og ábyrgð

- Almennur rekstur starfsstöðva
- Markaðsmál, verkefnaöflun og tilboðsgerð
- Starfsmannastjórnun
- Áætlanagerð og skipulagning verkefnavinnu
- Verkefnastjórnun

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verkfræðingur eða tæknifræðingur
- Góðir stjórnunar-, samskipta- og skipulagshæfileikar
- Reynsla af verkefnastjórnun

Nánari upplýsingar veita

Ari Guðmundsson, sviðsstjóri starfsstöðvasviðs, arg@verkis.is
Elín Greta Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, egs@verkis.is

Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfirmatæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Hjá Verkís starfa yfir 300 manns að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum á Íslandi og erlendis.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um á ráðningavef Verkís (umsokn.verkis.is). Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. **Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.**

Umsóknarfrestur er til og með 10. september 2019.



BYGGINGAFRÆÐINGUR/ BYGGINGATÆKNIFRÆÐINGUR

Óskum eftir að ráða til okkar byggingafræðing eða byggingatæknifræðing. Aðilar með sambærilega menntun koma einnig til greina. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. nóvember nk. eða eftir nánara samkomulagi. Starfsreynsla er kostur en ekki skilyrði.

Starfið felst m.a. í eftirfarandi:

- Ástandsgreiningum
- Framkvæmdaefirliti
- Framkvæmdaráðgjöf

Viðkomandi þarf að:

- Vera skipulagður, vandvirkur og vinnusamur
- Hafa gott vald á rituðu máli
- Hafa góða kunnáttu á helstu tölvuforritum
- Búa yfir lipurð í samskiptum og þjónustulund

Áhugasamir eru beðnir að senda umsókn ásamt ferilskrá á netfangið andri@verksyn.is, fyrir 10. september nk. Fyllsta trúnaðar er gætt við meðferð umsókna. Hægt er að nálgast hagnýtar upplýsingar um fyrirtækið á heimasíðu þess, www.verksyn.is.



Alþýðusamband Íslands

Matreiðslumaður óskast í spennandi starf

Alþýðusambandið óskar eftir metnaðarfullum og duglegum matreiðslumanni í framtíðarstarf í sameiginlegu mötuneyti starfsfólks Alþýðusambands Íslands, Gildis og VIRK í Guðrúnartúni 1 í Reykjavík.

Mikil áhersla er lögð á hollan og næringarríkan mat sem eldaður er frá grunni úr besta hráefni sem kostur er á og stuðlar að sem minnstri matarsóun og kolefnisfótspor.

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í matreiðslu eða matræðsréttindi
- Reynsla á sviði matreiðslu æskileg
- Frumkvæði og metnaður til að sýna árangur í starfi
- Skipulagshæfni og geta til að vinna sjálfstætt
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og sveigjanleiki
- Snyrtimennska og stundvísi

Starfssvið:

- Matargerð
- Umsjón með þöntunum
- Ábyrgð á umgengni og umhirðu eldhúss og mötuneytis
- Önnur tilfallandi verkefni

Umsókn ásamt starfsferilskrá og kynningarbréfi sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið sendist á netfangið gudrun@asi.is.

Allar frekari upplýsingar veitir Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir í síma 5355600.

Umsóknarfrestur er til 13.09.2019

Öllum umsóknum verður svarað. Starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Eflingar við Samtök atvinnulífsins. Við hvetjum fólk af öllum kynjum til að sækja um starfið.



LISTAHÁTÍÐ Í
REYKJAVÍK

50 ÁRA
1970-2020

ÓRI
REYKJAVÍK

KYNNINGARSTJÓRI
LISTAHÁTÍÐAR Í F

Við leitum að öflugum einstaklingi í tímabundið starf kynningarstjóra Listahátíðar í Reykjavík.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og er ráðningartímabil út júní 2020. Um fullt starf er að ræða en til greina kemur að semja um lægra starfshlutfall.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Fjóla Dögg Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Listahátíðar, í síma 561 2444, en einnig má senda fyrirspurnir á netfangið fjola@artfest.is.

Umsóknir skal senda á netfangið artfest@artfest.is merktar Starfsumsókn – kynningarstjóri fyrir miðnætti 16. september, 2019. Öllum umsóknum verður svarað.

Helstu verkefni:

- Þátttaka í stefnumótun kynningar- og markaðsmála Listahátíðar
- Ábyrgð á kynningarmálum Listahátíðar
- Ábyrgð á heimasíðu og samfélagsmiðlum Listahátíðar
- Almennatengsl
- Eftirfylgni markaðs- og kostnaðaráætlana
- Samskipti við samstarfsaðila, hönnuði og auglýsingamiðla

Hæfniskröfur:

- Reynsla af kynningu á menningarviðburðum
- Þekking og reynsla af stafrænni markaðssetningu æskileg
- Mjög gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Frumkvæði í starfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt hugarfar

Pú finnur draumastarfið á

Job.is

GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU



Hársnyrtir

Hársnyrtir á 104 RVK-svæðinu auglýsir eftir starfsmanni til starfa sem fyrst.

Starfið felst aðallega í herraklippingum. Um er að ræða stofu sem er ekki með stólaleigu.

Góð laun og góður félagsskapur í boði.

Uppl. veitir Dóri s. 899 6637 eða Inga s. 863 7949
Einnig má senda á doriinga@talnet.is



Stjórnandi fjölskylduráðgjafar og barnaverndar

Fjarðabyggð auglýsir starf stjórnanda fjölskylduráðgjafar og barnaverndar laust til umsóknar.

Ert þú dugmikill einstaklingur með áhuga og reynslu af málefnum fjölskyldna og barna? Hefur þú brennandi áhuga á málefnum barna og fjölskyldna? Vilt þú taka þátt í starfi öflugs og samheldins hóps starfsmanna fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar? Þá erum við að leita að þér!

Fjarðabyggð er öflugt, vaxandi samfélag sem leggur mikla áherslu á velferð og málefni fjölskyldna og barna. Á fjölskyldusviði Fjarðabyggðar er lögð áhersla á þverfaglega vinnu og stuðning starfsmanna í teymisstarfi við úrlausn margþættra verkefna sem tengjast fjölskyldum og börnum með það markmið að efla lífsgæði og hagsæld þeirra. Starf stjórnanda er nýtt í stjórnkerfi Fjarðabyggðar og heyrir það undir sviðsstjóra fjölskyldusviðs. Starfsmaður er ábyrgur fyrir faglegu starfi og rekstri síns málaflokks. Starfið felur í sér ábyrgð á starfsemi og þjónustu fjölskylduráðgjafar og barnaverndar samkvæmt stefnumörkun sveitarstjórnar. Stjórnandi vinnur með sviðsstjóra að undirbúningi stefnumótunar og ber ábyrgð á eftirfylgni hennar, þekkingaröflun, þekkingarmiðlun, þróunarstarfi og greiningu upplýsinga varðandi viðfangsefni málaflokksins.

Helstu verkefni:

- Yfirmaður málaflokksins og stýrir rekstri hans þ.m.t. stuðningi og ráðgjöf við fjölskyldur.
- Yfirumsjón barnavermálmála.
- Yfirumsjón með skipulagi og samræmingu starfseminnar.
- Annast samstarf við hagsmunaaðila.
- Yfirumsjón með upplýsingagjöf um starfsemi málaflokksins og miðlun upplýsinga.
- Öflun og greining upplýsinga um málaflokkinn.
- Öflun og greining upplýsinga um forvarnarmál sveitarfélagsins ásamt þátttöku í stefnumörkun í forvarnarmálum.
- Frumkvæði að samskiptum og aðgerðum til að styrkja fjölskyldur og barnavernd í Fjarðabyggð.

Hæfniskröfur:

- Félagsráðgjöf eða háskólamenntun sem nýtist við stjórnun og skipulagningu starfs.
- Reynsla og þekking á rekstri, stjórnun og stefnumótun.
- Þekking á stefnumótandi áætlanagerð og gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana.
- Þekking á helstu upplýsingakerfum.
- Þekking á undirbúningi og stjórnun funda.
- Góð málakunnátta (íslenska og enska) og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti.
- Forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Geta til að taka þátt í og stjórna breytingum.
- Áhugi á þátttöku í teymisstarfi og umbótaverkefnum.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum sveitarfélagsins við viðkomandi stéttarfélag. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um stöðuna. Allar frekari upplýsingar veitir Karl Óttar Pétursson bæjarstjóri Fjarðabyggðar, í síma 470 9000 eða á netfanginu karl.petursson@fjardabyggd.is.

Umsóknarfrestur er til og með 14. september 2019 og æskilegt að viðkomandi geti hafð störf eigi síðar en í nóvember.

Sótt er um starfið í gegnum ráðningarvef Fjarðabyggðar starf.fjardabyggd.is.



Ríkisskattstjóri leitar að hæfileikaríkum einstaklingum í Reykjavík og á Akureyri

Öryggisstjóri í upplýsingateknimálum

Verkefni snúa m.a. að því að hafa eftirlit með og stuðla að framkvæmd öryggisstefnu embættisins í samræmi við ISO 27001 staðalinn, sinna öryggismálum er snúa að vörslu gagna, aðgengi og öryggisreglum í samskiptum við þjónustuaðila o.fl. Ennfremur að framkvæma áhættumat, taka þátt í neyðarstjórnun og hafa umsjón með þjálfun og fræðslu til starfsmanna um m.a. upplýsingaöryggi.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði, tölvunarfræði, kerfisfræði o.fl.
- Reynsla af stjórnun öryggismála í hugbúnaðar- eða upplýsingateknigeira
- Þekking á ISO 27001 er nauðsynleg
- Reynsla af gæðastarfi og verkefnastjórnun er kostur
- Skipulögð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Sveigjanleiki, frumkvæði og metnaður
- Fáguð framkoma og lipurð í samskiptum
- Jákvæðni og þjónustulund
- Geta til að vinna undir álagi

Upplýsingar um framangreint starf veitir Jens Þór Svansson, sviðsstjóri, í síma 442-1000 eða í tölvupósti jens.svansson@rsk.is

Lögfræðingar á starfsstöð RSK í Reykjavík

Ríkisskattstjóri leitar að jákvæðum og kraftmiklum lögfræðingum til starfa við félagaréttarleg úrlausnarefni er tengjast skráningu fyrirtækja, samrunum, skiptum, slitum, afskráningum o.fl.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði lögfræði
- Framhaldsmenntun æskileg
- Þekking og/eða reynsla á sviði félagaréttar æskileg
- Skipulögð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Frumkvæði og metnaður
- Fáguð framkoma og lipurð í samskiptum
- Jákvæðni og þjónustulund
- Geta til að vinna undir álagi
- Góð almenn tölvukunnátta

Upplýsingar um framangreind störf veitir Edda Símonardóttir, sviðsstjóri, í síma 442-1000 eða í tölvupósti edda.simonardottir@rsk.is

Sérfræðingar á starfsstöð RSK á Akureyri

Nú er tækifæri fyrir metnaðarfulla og kraftmikla einstaklinga að ganga til liðs við góðan hóp starfsmanna á starfsstöðinni á Akureyri. Um fjölbreytt verkefni er að ræða er tengjast m.a. upplýsingagjöf um skatta- og innheimtumál, úrvinnslu ýmissa gagna sem viðskiptavinir óska eftir, afgreiðslu erinda, ráðstöfun séreignarsparnaðar til íbúðarkaupa eða greiðslna inn á húsnæðisíslán og öðru er tengist verkefnum ríkisskattstjóra.

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Skipulögð, nákvæm og sjálfstæð vinnubrögð
- Gott vald á íslensku og ensku í töluðu og rituðu máli
- Frumkvæði og metnaður
- Fáguð framkoma og lipurð í samskiptum
- Jákvæðni og þjónustulund
- Geta til að vinna undir álagi
- Góð almenn tölvukunnátta

Upplýsingar um framangreind störf veitir Gunnar Karlsson, sviðsstjóri, í síma 442-1000 eða í tölvupósti gunnar.karlsson@rsk.is

Umsóknir skulu fylltar út á rsk.is/starf eða á vef Starfatorgs. Ferilskrá sem inniheldur ítarlegar upplýsingar m.a. um menntun og fyrri störf umsagnaraðila og annað er máli skiptir þarf að fylgja með svo umsókn teljist fullnægjandi. Umsækjendum um störf hjá ríkisskattstjóra kann að vera gert að leysa verkefni í ráðningarferlinu sem kæmu, auk annarra þátta, heildstætt inn í mat á hæfni þeirra til viðkomandi starfa. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Starfshlutfall er 100%. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 16. september nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningar.



442 1000
Þjónustuver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00



Óskar eftir að ráða starfsmann í fullt starf í umsjón aðveitna.



Grímsnes- og Grafningshreppur

Grímsnes- og Grafningshreppur óskar eftir að ráða tæknimann til að sjá um hita- og vatnsveitur sveitarfélagsins. Um er að ræða undirbúning á viðhaldsverkefnum, nýtingar, umsjón dæluhúsa og vöktunarkerfis þar við. Hafa eftirlit með framkvæmdum hitaveitna og vatnsveitna auk þess að fylgjast með daglegum rekstri. Viðkomandi þarf að hafa þekkingu á dæluhúsaði og lögnum þar sem það verður helsta starfssvið starfsmanns, en önnur verkefni geta einnig fallið til. Þekking á landupplýsingakerfum og innmælingum er mikill kostur.

Starfssvið:

- Verkefnastjórnun og verkeftirlit vegna nýframkvæmda og viðhaldsmála aðveitna.
- Gerð útboðsgagna/verðkannana fyrir minni verk
- Samskipti við opinbera aðila, hönnuði og verktaka
- Vinna við landupplýsinga grunn
- Vinna við GPS landmælingar
- Áætlanagerð og forgangsröðun verkefna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Véliðnfræðingur, véltækniþæðingur eða vélaverkfræðingur eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnáslu er kostur
- Æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu á vantsveitum og hitaveitum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Þekking og reynsla af notkun Windows-Office og CAD-hugbúnaði

Frekari fyrirspurnir má senda á gogg@gogg.is

Umsóknnum skal fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsókn þarf að berast fyrir lok dags 15. september 2019 á netfangið gogg@gogg.is



MIÐSTÖÐ
MELTINGARLÆKNINGA

Hjúkrunarfræðingur - dagvinna

Miðstöð meltingarlækninga, Læknastöðinni Glæsibæ, óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðing til starfa frá 1. janúar 2020.

Umsóknir ásamt ferilsskrá sendist á netfangið atvinna@laeknastodin.is fyrir 10. september nk.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Ólafsdóttir deildarstjóri á kristin@laeknastodin.is

Læknastöðin · Álfheimar 74 · 104 Reykjavík
sími: 5356800 · fax: 5356805



MOSFELLSBÆR

Laus störf hjá Mosfellsbæ

Viltu vera memm?

Leikskólinn Hlaðhamrar

- Aðstoðarleikskólalastjóri

Leikskólinn Hulduberg

- Leikskólakennarar
- Starfsmenn í leikskólalastarf

Búsetukjarni fyrir fatlaða einstaklinga

- Starfsmenn á áfangaheimili fyrir geðfatlaða

SAMSKIP



> Verkstjóri á hafnarsvæði Samskipa

Við leitum að kraftmiklum og skipulögðum leiðtoga til starfa á hafnarsvæði okkar við Kjalarvog. Unnið er á tvískiptum vöktum, aðra vikuna mánudag til föstudags frá 07.55-16.00 og næstu viku sunnudag til fimmtudags frá 16.00-24.00.

Starfssvið

- Stýring vinnu við lestun og losun skipa
- Dagleg stýring starfsmanna og gámaflæðis á hafnarsvæði
- Skipulagning og forgangsröðun vinnu
- Meta afkastagetu tækja á hafnarsvæði með það að markmiði að hámarka nýtingu

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Marktæk reynsla af verkstjórn
- Íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg
- Góð tölvufærni

Eiginleikar

- Afburða færni í mannlegum samskiptum
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Geta til að vinna undir álagi, rík þjónustulund og sveigjanleiki
- Geta til þess að leiða hóp

Sótt er um starfið á vef okkar www.samskip.is. Umsækjendur eru beðnir um að láta ferilsskrá fylgja umsókn.

Umsóknarfrestur er til og með 8. september nk. Nánari upplýsingar veitir Elmar Pálmi Lárusson forstöðumaður hafnarsvæðis, elmar.palmi.larusson@samskip.com

Samskip eru alþjóðlegt flutningafyrirtæki sem býður flutningalausnir og tengda þjónustu á landi, sjó og í lofti með hagkvæmni að leiðarljósi. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvissa fræðslu og þjálfun starfsfólks. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru okkur mikilvæg og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuáætlun.

ráðum
ráðningarstofa

Parftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.



Sjá öll störf á
www.mos.is/storf

Þverholt 2 | Sími 525 6700 | mos.is

Við erum Þekking

ÞEKKING LEITAR AÐ 4 SÉRFRÆÐINGUM

Þekking leitar að fjórum kraftmiklum sérfræðingum til að bætast í hóp reynslubolta í rótgrónu upplýsingatæknifyrirtæki, á Akureyri og í Kópavogi.

Sérfræðingur

Rekstrarþjónusta

Staðan stendur til boða hvort sem er á Akureyri eða í Kópavogi. Viðkomandi hefur umsjón og eftirlit með kerfum og annast uppsetningar, breytingar og ráðgjöf. Sérfræðingur í rekstrarþjónustu er í samskiptum við starfsfólk annarra sviða, sem og viðskiptavinum, og vinnur markvisst að því að viðhalda heilbrigðum rekstri kerfa eftir viðurkenndum vinnu-aðferðum og taka þátt í að þróa verkferla enn frekar. Um er að ræða fullt starf og stöku sinnum vaktir utan hefðbundins dagvinnutíma.

Microsoft

Við leitum að reynslumiklum einstaklingi í fullt starf Microsoft-sérfræðings á rekstrarsviði í Kópavogi. Viðkomandi annast uppsetningu, hönnun og umsjón með kerfum. Umsækjandi þarf að búa yfir yfirgripsmikilli sérþekkingu á Microsoft-umhverfinu og eiga auðvelt með að yfirfæra hana á margvísleg verkefni. Starfið krefst frumleika og nýsköpunar við að ákvarða hvernig á að vinna verkefni en viðkomandi þarf einnig að eiga auðvelt með að stíga inn í ný verkefni þar sem sérþekkingin nýtist vel.

Fjarþjónusta

Við leitum að einstaklingi með góða tölvuþekkingu í hóp reynslumikils fólks í fjarþjónustu okkar á Akureyri eða í Kópavogi. Sérfræðingur í fjarþjónustu er fyrsti snertipunktur við viðskiptavinum, sem felur í sér ráðgjöf og úrlausn mála í síma eða með yfirtöku. Viðkomandi býðst að taka þátt í ýmsum verkefnum í samstarfi við önnur svið og vinna markvisst að því að efla og þróa fjarþjónustu með nánustu starfsfélögum. Fullt starf eða hlutastarf eftir samkomulagi og stöku vaktir utan dagvinnutíma.

Netkerfi

Við leitum að sérfræðingi í fullt starf með reynslumiklum hópi á innviðasviði á Akureyri eða í Kópavogi. Starfið felur í sér uppsetningu, rekstur, bilanagreiningu og hönnun á netumhverfi viðskiptavina sem og þekkingar. Mikil samskipti við viðskiptavinum þar sem leysa þarf úr fjölbreyttum verkefnum. Þá býðst viðkomandi að taka þátt í ýmsum verkefnum í samstarfi við önnur svið sem og vinna markvisst að því að efla og þróa innviðasvið með nánustu starfsfélögum.

Hæfniskröfur

- Minnst 2 ára reynsla í starfi kerfisstjóra
- Menntun á sviði upplýsingatækni t.d. kerfisfræði, kerfisstjórnun eða sambærilegt
- Tæknilegar vottanir mikill kostur
- Færni í mannlegum samskiptum, mikil þjónustulund og góð íslenskukunnátta
- Frumkvæði, öguð vinnubrögð og úrræðasemi
- Minnst 5 ára reynsla af sambærilegu starfi
- Framúrskarandi þekking á Microsoft umhverfinu
- Alþjóðlegar vottanir í upplýsingatækni
- MCSA, MCSE eða sambærileg þekking æskileg
- Færni í mannlegum samskiptum og mikil þjónustulund
- Sjálfstæði og úrræðasemi
- Reynsla af starfi í tölvuþjónustu er mikill kostur
- Góð þekking á Microsoft umhverfinu
- Geta til að greina tæknileg vandamál og leysa
- Ábyrgðartilfinning og góð skipulagshæfni
- Færni í samskiptum, þjónustulund og góð íslenskukunnátta
- Sjálfstæði og úrræðasemi
- Háskólapróf eða nám á sviði upplýsingatækni er kostur
- 3–5 ára reynsla af rekstri netkerfa stærri fyrirtækja/hýsingaraðila
- Þekking á rekstri og bilanagreiningu viðnetstenginga, MPLS/VPF
- Þekking á rekstri eldveggja, VPN og þráðlausum búnaði
- Þekking á Cisco-netbúnaði og Cisco UCS (CCNA og aðrar gráður kostur)
- Þekking á Netapp gagna-geymslum, NSX og Linux kostur
- Færni í samskiptum, þjónustulund og góð íslenskukunnátta
- Sjálfstæði og úrræðasemi

Upplýsingar

Einar Hólm, sviðsstjóri rekstrarsviðs, sími 460 3132 og Ásta Bærings, mannauðsstjóri, sími 460 3166 eða atvinna@thekking.is

Einar Hólm, sviðsstjóri rekstrarsviðs, sími 460 3132 og Ásta Bærings, mannauðsstjóri, sími 460 3166 eða atvinna@thekking.is

Jóhann Helgason, sviðsstjóri þjónustusviðs, sími 460 3139 og Ásta Bærings, mannauðsstjóri, sími 460 3166 eða atvinna@thekking.is

Marteinn Sigurðsson, sviðsstjóri innviðasviðs, sími 460 3147 og Ásta Bærings, mannauðsstjóri, sími 460 3166 eða atvinna@thekking.is

Umsóknarfrestur er til og með 15. september 2019 og skal senda umsóknir á atvinna@thekking.is. Við hvetjum konur jafnt sem karlmenn til þess að sækja um auglýst störf.

Þekking er þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni. Hjá fyrirtækinu starfa ríflega 60 manns og starfsstöðvar eru á tveimur stöðum á landinu, á Akureyri og í Kópavogi. Þekking sérhæfir sig í rekstri og ráðgjöf auk þess að bjóða fyrirtækjum kerfisleigu, hýsingu, internetþjónustu og gagnaflutninga ásamt margs konar sérlausna, ráðgjöf og kennslu. Þekking vinnur markvisst að því að vera fjölskylduvænt fyrirtæki og heilsueflandi vinnustaður.



ÞEKKING



Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra leitar að öflugum liðsmönnum í starfsmannahópinn. Um er að ræða tvær 50-60% stöður.

Bókari – fjármálafulltrúi óskast

Við leitum að reyndum bóka/fjármálafulltrúa til starfa á skrifstofu okkar í 50-60% starf.

Starfið inniheldur:

- Færsla daglegs bókhalds og tengt utanumhald.
- Afstemmingar og frágangur.
- Umsjón með fjárflyunartengdum verkefnum, s.s. innheimtu leigu, félagatali (er í DK) og fleira.
- Önnur tilfallandi störf.

Hæfniskröfur:

- Mjög góða bókhaldsþekkingu og reynsla af notkun DK kerfis.
- Réttindi sem viðurkenndur bókaari æskileg.
- Geta til að vinna sjálfstætt, áreiðanleiki og stundvísi.
- Góð almenn tölvukunnátta, sérstaklega í Excel.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi skal senda með netpósti á: sjalfsbjorg@sjalfsbjorg.is til og með **13. september n.k.** Upplýsingar um störf veitir Þorsteinn Fr. Sigurðsson í síma 5500-364 á skrifstofutíma.

Félagsmálafulltrúi óskast

Við leitum að einstakling sem hefur reynslu af störfum að félagsmálum með félagsamtökum í 50-60% starf.

Starfið inniheldur:

- Umsjón með samskiptamiðlum, vefsíðu (WordPress), og Facebooksíðu.
- Umsjón með félagslegum verkefnum s.s. ársverkefni um aðgengismál.
- Útgáfumál s.s. árlegt blað okkar Klifur og fræðslubæklingar.
- Fræðslumál og félagsleg stefnumótun.
- Samskipti við félagsfólk og tengda aðila.
- Önnur tilfallandi störf.

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði félags-, menntunar- eða uppeldismála æskileg.
- Þekking á sviði fötlunar- og mannréttindamála æskileg.
- Reynsla af starfi fyrir félagsamtök.
- Þekking og reynsla af viðhaldi samskiptamiðla.
- Góð almenn tölvukunnátta, sérstaklega Word og Excel.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra eru málefna- og baráttusamtök sem vinna að fullkominni þátttöku og jafnrétti hreyfihamlaðs fólks á Íslandi. Frekari upplýsingar um samtökin má finna á vefsíðu okkar: www.sjalfsbjorg.is – og á Facebooksíðu samtakanna.



Mannauðsráðgjafi á sviði starfspróunar og fræðslu

Skrifstofa starfspróunar og starfsumhverfis leitar að öflugum mannauðsráðgjafa á sviði starfspróunar og fræðslu. Skrifstofan er hluti af Mannauðs og starfsumhverfssviði Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á og veitir ráðgjöf um fræðslu, starfspróun, vinnustaðamenningu, stjórnendafræðslu ásamt því að sinna stjórnendastuðningi, heilsuefningu og vinnuvernd.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Innleiðing verkefna, verkferla og þátttaka í stefnumótun á sviði starfspróunar og fræðslu
- Umsjón og þróun stjórnendafræðslu Reykjavíkurborgar
- Umsjón og þróun starfspróunarsamtala og gerð símenntunaráætla
- Framþróun og nýsköpun á sviði starfspróunarmála
- Mótun og framleiðsla rafræns fræðsluefnis og umsjón með innri miðlum mannauðsefnis
- Þjálfun og námskeiðahald

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólagráða sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun í mannauðsmálum, fullorðinsfræðslu/kennslu eða önnur sambærileg menntun
- Reynsla af starfspróunar, fræðslu- og mannauðsmálum
- Þekking á gerð rafræns fræðsluefnis og tæknileg þekking á því sviði
- Reynsla af því að leiða verkefni og/eða stýra starfshópum er kostur
- Þekking á innri samskiptum og vinnu við innri vef, þekking á Workplace er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti
- Frumkvæði, skipulagsfærni, reynsla af teymisvinnu og sjálfstæð vinnubrögð

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf og skal umsóknum skilað rafrænt á vefsíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Umsóknarfrestur er til **16. september nk.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Sigríður Þrúður Stefánsdóttir**, skrifstofustjóri starfspróunar og starfsumhverfis í síma 861-0201 eða í gegnum netfangið sigridur.thrudur.stefansdottir@reykjavik.is



Laus störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar Kópavogs óska eftir leikskólakennurum, leiðbeinendum, sérkennslustjóra, þroskabjálfa, sérkennara og aðstoðarmatráð.

Grunnskólar Kópavogs óska eftir frístunda-leiðbeinendum, matræði í nemendaeidhúsi, stuðningsfulltrúa og forfallakennurum.

Velferðarsvið óskar eftir starfsfólki í félagslega heimaþjónustu.

Kynntu þér fjölbreytt og spennandi störf á heimasíðu okkar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is

VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS

Kerfisstjóri

Verzlunarskóli Íslands óskar að ráða kerfisstjóra í 100% starf. Meginhlutverk kerfisstjóra er að reka og bera ábyrgð á tölvukerfi skólans og veita starfsmönnum og nemendum tölvuþjónustu.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun eða sérfræðimenntun sem nýtist í starfi.
- Góð þekking á rekstri tölvukerfa í Microsoft umhverfi, MS-SQL, Hyper-V sýndarumhverfi, Cisco Meraki netkerfis, Office 365 stjórnun, MS Exchange o.fl.
- Þekking á Moodle kennslukerfi æskileg.
- Þekking á Innu nemendabókhalda og kennslukerfi æskileg.
- Þekking á asp, java og PowerShell er kostur.
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Rekstur tölvukerfis í Microsoft umhverfi, Active Directory, Hyper-V, Veeam afrítataka o.fl.
- Rekstur á Office365.
- Uppsetningar, viðhald, eftirlit og öryggisviðhald á netþjónum, útstöðvum og öðrum tækjabúnaði.
- Rekstur netkerfis.
- Yfirumsjón og þróun upplýsingatæknimála.
- Áætlanagerð og innkaup.
- Öryggis- og gæðamál.
- Þjónusta við notendur.

Við bjóðum:

- Góða vinnuaðstöðu.
- Góðan starfsanda á framsæknum vinnustað.

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Inga Sívertsen starfsmanna – og þróunarstjóri gunninga@verslo.is Umsóknarfrestur er til 15. september og skal senda umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið gunninga@verslo.is

Verzlunarskóli Íslands er framhaldsskóli með um 940 nemendum. Skólinn er bekkjarskóli. Nemendur geta valið á milli fjögurra mismunandi brauta og útskrifað með stúdentspróf af öllum brautum. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 2008 er ekki heimilt að ráða einstakling til starfa sem hluti hefur dóm fyrir brot á XXII. kafla almennra hegningarlaga og því er beðið um sakavottorð áður en ráðið er í starfið.

Ráðgjafar okkar búa yfir viðtækri þekkingu á atvinnulífnum og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

Capacent_

capacent.is



IÐJUPJÁLFI

Seltjörn hjúkrunarheimili Seltjarnarnesi óskar eftir að ráða iðjubjálfa í 100% starfshlutfall. Um er að ræða nýtt starf og væri æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 864 4184.

Hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu Sunnuhlíðar, sunnuhlid.is.



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Framkvæmdastjórar sviða	Landspítali	Reykjavík	201908/1547
Félagsráðgjafi	Landspítali, bráðamóttaka geðsviðs	Reykjavík	201908/1546
Sjúkraliði	Landspítali, endurhæfingadeild	Reykjavík	201908/1545
Öryggisstjóri, upplýsingatæknimál	Ríkisskattstjóri	Reykjavík	201908/1544
Sérfræðingar	Ríkisskattstjóri	Akureyri	201908/1543
Lögfræðingar	Ríkisskattstjóri	Reykjavík	201908/1542
Þjónustufulltrúi við baðvörslu	Menntaskólinn við Sund	Reykjavík	201908/1541
Starfsmaður í verslun	Fangelsismálastofnun ríkisins	Reykjavík	201908/1540
Verkstjóri	Fangelsismálastofnun ríkisins	Reykjavík	201908/1539
Gæðastjóri	Landhelgisgæsla Íslands	Reykjavík	201908/1538
Starfsmenn í veiðieftirlit	Fiskistofa	Höfn	201908/1537
Sérfræðingur	Rannsóknamiðstöð Íslands	Reykjavík	201908/1536
Innviðaforritari	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201908/1535
Lögfræðingur	Fjármálaeftirlitið	Reykjavík	201908/1534
Sérfræðingur á veiðieftirlitssviði	Fiskistofa	Ýmiss	201908/1533
Lögfræðingur	Kærunefnd útlendingamála	Reykjavík	201908/1532
Skrifstofustjóri	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Reykjavík	201908/1531
Vélamaður	Vegagerðin	Hvammstangi	201908/1530
Ræstingar	Sýslumaðurinn á Vesturlandi	Borgarnes	201908/1529
Rekstrarstjóri	Úrsk.nefnd umhv.- og auðlindamála	Reykjavík	201908/1528
Sérfr., eftirlit vinnslu matvæla	Matvælastofnun	Selfoss	201908/1527
Sérfr. í vinnslu fjarkönnunargagna	Landmælingar Íslands	Akranes	201908/1526
Sérfræðilæknir í taugalækningum	Landspítali, lyflækningasvið	Reykjavík	201908/1525
Starfsmaður á verkstæði	Landspítali, heilbr./upplýsingatæknid.	Reykjavík	201908/1524
Hjúkrunarfræðingur/hlutastarf	Landspítali, Barnaspítali Hringins	Reykjavík	201908/1523
Deildarlæknir	Landspítali, röntgendeild	Reykjavík	201908/1522
Deildarstjóri	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201908/1521
Iðjubjálfi/sjúkraþjálfari	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201908/1520
Sálfræðingur barna	Heilsugæslan Hvammur	Kópavogur	201908/1519
Aðstoðarmaður í eldhús	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201908/1518
Starf í þjónustudeild	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Neskaupstaður	201908/1517
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Stykkishólmur	201908/1516
Sjónfræðingur	Þjónustu- og þekkingarmiðstöð	Reykjavík	201908/1515
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201908/1514
Aðstoðarfólk í umönnun	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201908/1513

Nýtt fólk

Hrafnhildur nýr sviðsstjóri hjá Skipulagsstofnun

Hrafnhildur Bragadóttir lögfræðingur hefur verið ráðin sviðsstjóri stefnumótunar og þróunar hjá Skipulagsstofnun. Meðal verkefna hennar verða gerð og framfylgd landsskipulagsstefnu og strandsvæðisskipulags og umsjón með miðlun upplýsinga og fagþekkingar og rannsóknar- og þróunarstarfi á vegum Skipulagsstofnunar.



Hrafnhildur lauk MA-prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 2008 og LLM-námi í umhverfisrétti frá Duke University School of Law 2015. Hún hefur starfað sem lögfræðingur hjá Umhverfisráðgjöf Íslands og hjá Umhverfisstofnun á árunum 2009 til 2013.

Drífa bætist í eigendahóp Attentus

Drífa Sigurðardóttir hefur bætist í eigendahóp Attentus en hún hóf störf hjá félaginu sem ráðgjafi árið 2017. Drífa kom til Attentus frá Isavia þar sem hún starfaði sem mannauðsstjóri flugleiðsögu- og flugvallarsviðs. Hún starfaði áður sem starfsmannastjóri hjá Mannviti í níu ár og sem deildarstjóri launa- og kjarabróunar hjá Eimskip í þrjú ár. Á árunum 1997-2004 starfaði Drífa sem ráðgjafi í mannauðsmálum hjá PricewaterhouseCoopers. Hún tók þátt í stofnun Mannauðs, félags mannauðsstjóra á Íslandi, sat í stjórn Birtu lífeyrissjóðs í fimm ár og er nú formaður tilnefningarnefndar í fasteignafélaginu Eik.



Nýr sérfræðingur á fjármála-sviði Eignaumsjónar

Vegna aukinna umsvifa í starfsemi Eignaumsjónar hefur Carolin Karlsen Guðbjartsdóttir verið ráðin í stöðu sérfræðings á fjármálasviði félagsins. Carolin mun sinna þjónustu við ört vaxandi viðskiptavinahóp Eignaumsjónar, s.s. við stýringu fjármuna í samvinnu við fjármála-stjóra, greiðslu reikninga, gerð kostnaðar- og innheimtuáætlana, framkvæmdauppgjör og fjármálagreiningar, samskipti við þjónustuaðila og fleira. Hún kemur til Eignaumsjónar frá Lífeyrissjóði verzlunarmanna. Þá starfaði hún sem sérfræðingur hjá alþjóðasviði og endurkröfudeild Borgunar frá 2010-2018 og þar áður sem viðskiptaráðgjafi hjá Arion banka og SPRON.



Kynningar- og markaðsstjóri menningarmála í Kópavogi

Íris María Stefánsdóttir hefur verið ráðin kynningar- og markaðsstjóri menningarmála í Kópavogi, en hún var valin úr hópi 202 umsækjenda. Um nýtt starf er að ræða sem ætlað er að auka ásjýnd og ímynd menningarmála í Kópavogi en mikil gróska hefur verið í málaflöknum undanfarin misseri. Íris María hefur undanfarin fimm ár starfað sem markaðsstjóri Íslenska dansflokksins þar sem hún hefur lagt áherslu á þróun stafrænnar miðlunar og markaðssetningar á netinu. Einnig hefur hún stýrt viðburðum og barnastarfi innan Íslenska dansflokksins og staðið fyrir stofnun vínafélags flokksins.



Við erum alltaf með bókara á skrá

hagvangur.is

 HAGVANGUR

FRÉTTABLAÐIÐ

Tilkynningar um nýtt fólk Atvinnublað Fréttablaðsins kemur út á laugardögum í viku hverri. Umsjónarmaður blaðsins er Hrannar Helgason. Blaðið birtir valdar greinar um ráðningu nýrra starfsmanna. Sendið tilkynningar ásamt mynd af viðkomandi á netfangið: nyttfolk@frettabladid.is

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Laust er til umsóknar starf skipulags- og byggingarfulltrúa hjá Sveitarfélaginu Skagafirði. Skipulags- og byggingarfulltrúi ber ábyrgð á skipulagsgerð í sveitarfélaginu í samræmi við lög nr. 123/2010 og reglugerðir og á framkvæmd opinbers byggingareftirlits í samræmi við gildandi lög nr. 160/2010 og reglugerðir. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starfið. Æskilegt er að viðkomandi getið hafið störf sem fyrst.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:

- Yfirumsjón með skipulagsgerð á vegum sveitarfélagsins.
- Eftirlit með að framkvæmdir séu í samræmi við skipulag og útgefin leyfi.
- Samskipti við hönnuði, verktaka og íbúa í tengslum við skipulags- og bygginga leyfisskyldar framkvæmdir í sveitarfélaginu.
